

**FRAMSELD REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR  
(ESB) 2017/582****2021/EES/78/18****frá 29. júní 2016**

**um viðbætur við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 600/2014 að því er varðar tæknilega eftirlitsstaðla sem tilgreina stöðustofnunarskyldu fyrir afleiður sem viðskipti eru með á skipulegum markaði og tímaramma fyrir samþykkt stöðustofnunar (\*)**

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 600/2014 frá 15. maí 2014 um markaði fyrir fjármálagerninga og breytingu á reglugerð (ESB) nr. 648/2012 <sup>(1)</sup>, einkum 3. mgr. 29. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Til að stýra rekstraráhættu og annars konar áhættu þegar viðskipti með stöðustofnaðar afleiður eru lögð fram og samþykkt til stöðustofnunar og til að veita mótaðilum vissu eins fljótt og auðið er, er mikilvægt að ákvarða snemma í ferlinu hvort stöðustofnuð afleiðuviðskipti verða samþykkt til stöðustofnunar hjá miðlægum mótaðila, áður en stofnað er til viðskiptanna ef mögulegt er, sem og hvaða afleiðingar það hefur ef miðlægur mótaðili synjar um afleiðuviðskipti sem lögð eru fram til stöðustofnunar.
- 2) Til að hægt sé að beita skalanlegum tæknilausnum sem tryggja að hægt sé að leggja fram viðskipti með stöðustofnaðar afleiður og samþykkja til stöðustofnunar eins fljótt og tæknilega er unnt ættu upplýsingarnar sem viðskiptavettvangur og miðlægur mótaðili þurfa að hafa til að inna verkefni sín af hendi að vera ákvarðaðar fyrirfram og tilgreindar með skýrum hætti í gögnum viðskiptavettvangsins og miðlæga mótaðilans.
- 3) Til að verðleggja viðskipti með afleiður á videigandi hátt taka mótaðilar tillit til þess að viðskipti sem stöðustofnuð eru miðlægt falla undir annað veðtryggingarfyrirkomulag en viðskipti sem ekki eru stöðustofnuð miðlægt óháð því hvort viðskiptin eru stöðustofnuð vegna þess að slíkt er skyldubundið eða hvort viðskiptin eru stöðustofnuð vegna þess að viðkomandi aðilar hafa samþykkt að þau skuli stöðustofnuð. Mótaðilar ættu því að hafa hag af því að sama ferli og sömu kröfur gildi bæði um afleiðuviðskipti sem skylda er að stöðustofna og þau sem stöðustofnuð eru af fúsom vilja til að tryggja að stöðustofnuð afleiðuviðskipti séu lögð fram og samþykkt til stöðustofnunar eins fljótt og tæknilega er unnt.
- 4) Þar sem stöðustofnuð afleiðuviðskipti fara fram á viðskiptavettvangi og til að hægt sé að greina, áður en stofnað er til viðskiptanna, hvort miðlægur mótaðili muni stöðustofna þau, ættu viðskiptavettvangurinn og miðlægi mótaðilinn að hafa reglur til að tryggja að hægt sé að stöðustofna þau viðskipti sjálfkrafa. Að öðrum kosti ætti viðskiptavettvangurinn að veita stöðustofnunaradilum miðlægs mótaðila möguleika á að bera tilmælin saman við mörkin sem viðskiptavinum þeirra eru sett.
- 5) Tíminn sem viðskiptavettvangur fær til vinnslu stöðustofnaðra afleiðuviðskipta ætti að vera styttri fyrir stöðustofnuð afleiðuviðskipti sem eru rafræn heldur en stöðustofnuð afleiðuviðskipti sem ekki eru rafræn, þar sem sjálfvirk vinnsla ætti að geta verið meiri í fyrra tilvikinu.
- 6) Viðskiptavettvangur ætti að senda upplýsingarnar er varða stöðustofnuð afleiðuviðskipti til miðlægs mótaðila á fyrirframákveðnu, rafrænu sniði bæði fyrir stöðustofnuð afleiðuviðskipti sem eru rafræn og þau sem ekki eru rafræn. Tíminn sem miðlægur mótaðili fær til að ákveða hvort hægt er að samþykkja stöðustofnuð afleiðuviðskipti til stöðustofnunar ætti því að vera jafn langur fyrir stöðustofnuð afleiðuviðskipti sem eru rafræn og þau sem ekki eru rafræn.

(\*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjútö. ESB L 87, 31.3.2017, bls. 224. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 85/2019 frá 29. mars 2019 um breytingu á IX. viðauka (Fjármálaþjónusta) við EES-samninginn, sjá EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins* nr. 88, 31.10.2019, bls. 7.

(1) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 600/2014 frá 15. maí 2014 um markaði fyrir fjármálagerninga og um breytingu á reglugerð ráðsins (ESB) nr. 648/2012 (Stjútö. ESB L 173, 12.6.2014, bls. 84).

- 7) Vinnsla stöðustofnaðra afleiðuviðskipta sem stofnað er til á tvíhliða grundvelli er venjulega ekki eins sjálfvirk og vinnsla stöðustofnaðra afleiðuviðskipta sem fara fram á viðskiptavettvangi. Tíminn sem mótaðilar fá til að leggja fram stöðustofnuð afleiðuviðskipti sem stofnað er til á tvíhliða grundvelli hjá miðlægum mótaðila ætti því að vera lengri en tíminn sem veittur er vegna stöðustofnaðra afleiðuviðskipta sem fram fara á viðskiptavettvangi.
- 8) Til að stýra útlánaáhættu í tengslum við stöðustofnuð afleiðuviðskipti sem stofnað er til á tvíhliða grundvelli ætti miðlægur mótaðili að leyfa stöðustofnunaradilum að endurskoða upplýsingar um viðskipti viðskiptavina sinna og ákveða hvort þau skuli samþykkt. Þar sem ferlið milli miðlægs mótaðila og stöðustofnunaradila er venjulega sjálfvirk ætti þetta ferli að þurfa takmarkaðan tíma.
- 9) Bæði miðlægir mótaðilar og stöðustofnunaradilar stýra útlánaáhættu í tengslum við aukningu á gildandi áhættuskuldbindingum sem leiðir af stöðustofnun stöðustofnaðra afleiðna. Alla jafna felur þetta í sér að miðlægi mótaðilinn eða stöðustofnunaradilinn setur mörk fyrir hvern mótaðila til að milda tengdar áhættuskuldbindingar, sem getur leitt til þess að nýjar beiðnir um að stöðustofna tiltekin stöðustofnuð afleiðuviðskipti verði ekki samþykktar af stöðustofnunaradilanum eða miðlæga mótaðilanum. Þó tryggt sé að stöðustofnuð afleiðuviðskipti séu lögð fram til stöðustofnunar eins fljótt og tæknilega er unnt, felur það ekki í sér að öll stöðustofnuð afleiðuviðskipti verði samþykkt til stöðustofnunar við allar aðstæður. Ef stöðustofnuðum afleiðuviðskiptum er synjað um stöðustofnun ættu mótaðilar að vera upplýstir um hvernig farið er með þau viðskipti svo að þeir geti varið áhættu sína.
- 10) Þar sem vinnsla stöðustofnaðra afleiðuviðskipta sem fram fara rafrænt á viðskiptavettvangi og lögð eru fram til stöðustofnunar hjá miðlægum mótaðila tekur ekki langan tíma, er tíminn milli tilboðsins og synjunar, þegar markaðurinn getur hreyfst og breytingar geta orðið á verðmæti og áhættu stöðustofnuðu afleiðuviðskiptanna, einnig mjög takmarkaður. Þar sem mögulegur skaði mótaðila af viðskiptum sem synjað er um stöðustofnun af miðlægum mótaðila, er óverulegur, og til að veita mótaðilum vissu, ættu stöðustofnuð afleiðuviðskipti, sem fara fram rafrænt á viðskiptavettvangi og synjað er um stöðustofnun hjá miðlægum mótaðila, að teljast ógild.
- 11) Þar sem vinnsla stöðustofnaðra afleiðuviðskipta, annarra en stöðustofnaðra afleiðuviðskipta sem fram fara rafrænt á viðskiptavettvangi, tekur venjulega lengri tíma, getur þetta tímabil verið svo langt að markaðurinn hefur hreyfst og verðmæti og áhætta stöðustofnuðu afleiðuviðskiptanna breyst verulega í millitíðinni. Því gæti svo verið að ógilding er ekki heppilegasta meðhöndlunin fyrir öll viðskipti sem ekki eru samþykkt af miðlægum mótaðila. Til að veita vissu um meðferð stöðustofnaðra afleiðuviðskipta, annarra en stöðustofnaðra afleiðuviðskipta sem fram fara rafrænt á viðskiptavettvangi og miðlægur mótaðili synjar um stöðustofnun ættu reglur viðskiptavettvangsins og samningurinn milli mótaðilanna, þar sem við á, að skýra hvernig farið skuli með þessi viðskipti í aðdraganda þeirra.
- 12) Þegar stöðustofnuðum afleiðuviðskiptum er synjað um stöðustofnun af öðrum ástæðum en þeim sem tengjast útlánaáhættu, svo sem vegna tæknilegra vandamála eða misritunar sem upp kemur vegna þess að innsendar upplýsingar eru ónákvæmar eða ófullnægjandi, gætu mótaðilarnir samt viljað stöðustofna þau afleiðuviðskipti. Ef báðir mótaðilar samþykkja að leggja viðskiptin fram aftur, að því gefnu að það sé gert innan tiltölulega skamms tíma frá því að þau voru fyrst lögð fram og að endurframlagning geri mögulegt að rannsaka af hverju viðskiptunum var synjað um stöðustofnun og ráða bót á því, er hægt að heimila aðra framlagningu í formi nýrra stöðustofnaðra afleiðuviðskipta með sömu efnahagslegu skilmálum þar sem það tryggir ennþá viðeigandi stýringu rekstraráhættu eða annarrar áhættu sem ekki tengist útlánaáhættu.
- 13) Nauðsynlegt er, til að gæta samræmis og tryggja snurðulausa starfsemi fjármálamarkaðsins, að ákvæðin sem mælt er fyrir um í þessari reglugerð og ákvæðin sem mælt er fyrir um í reglugerð (ESB) nr. 600/2014 komi til framkvæmda frá og með sama degi.
- 14) Reglugerð þessi byggist á drögum að tæknilegum eftirlitsstöðlum sem Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin hefur lagt fyrir framkvæmdastjórnina.
- 15) Evrópska eftirlitsstofnunin á verðbréfamarkaði hefur haft opið samráð við almenning um drögin að tæknilegu eftirlitsstöðlum sem þessi reglugerð byggist á, greint mögulegan tengdan kostnað og ávinning og óskað eftir álit hagsmunahópsins á verðbréfamarkaði, sem komið var á fót með 37. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1095/2010 <sup>(1)</sup>.

<sup>(1)</sup> Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1095/2010 frá 24. nóvember 2010 um að koma á fót evrópskri eftirlitsstofnun (Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin), um breytingu á ákvörðun nr. 716/2009/EB og um niðurfellingu á ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2009/77/EB (Stjtið. ESB L 331, 15.12.2010, bls. 84).

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

### Ráðstafanir til að auðvelda sendingu upplýsinga

1. Viðskiptavettvangur skal í reglum sínum tilgreina hvaða upplýsingar hann þarf frá mótaðilum stöðustofnaðra afleiðuviðskipta til að leggja fram þau viðskipti hjá miðlægum mótaðila til stöðustofnunar og á hvaða sniði þær upplýsingar skulu veittar.

2. Miðlægur mótaðili skal í reglum sínum tilgreina hvaða upplýsingar hann þarf frá mótaðilum stöðustofnaðra afleiðuviðskipta og frá viðskiptavettvöngum til að stöðustofna þau viðskipti og á hvaða sniði þær upplýsingar skulu veittar.

2. gr.

### Athugun í aðdraganda viðskipta á stöðustofnuðum afleiðuviðskiptum sem fara fram á viðskiptavettvangi

1. Viðskiptavettvangur og stöðustofnunaraðilar skulu sjá til þess að tilboð til framkvæmdar stöðustofnaðra afleiðuviðskipta á viðskiptavettvangi lúti þeim kröfum sem settar eru fram í 2., 3. og 4. mgr. nema öll skilyrði í a-, b-, og c-lið þessarar málsgreinar séu uppfyllt:

- a) reglur viðskiptavettvangsins krefjast þess að hver aðili að eða þátttakandi í viðskiptavettvangnum sem er ekki stöðustofnunaradili miðlægs mótaðila sem stöðustofnuðu afleiðuviðskiptin eru stöðustofnuð gegnum hafi gert samning við stöðustofnunaradila miðlæga mótaðilans og samkvæmt þeim samningi verði stöðustofnunaradilinn sjálfkrafa mótaðili í stöðustofnuðu afleiðuviðskiptunum,
- b) reglur miðlæga mótaðilans kveða á um að stöðustofnuðu afleiðuviðskiptin sem fara fram á viðskiptavettvangi séu stöðustofnuð sjálfkrafa og tafarlaust, þannig að stöðustofnunaradilinn sem um getur í a-lið verði mótaðili miðlæga mótaðilans,
- c) reglur viðskiptavettvangsins kveða á um að aðili að eða þátttakandi í viðskiptavettvangnum eða viðskiptavinur hans verði mótaðili stöðustofnuðu afleiðuviðskiptanna eftir að stöðustofnuðu afleiðuviðskiptin eru stöðustofnuð, í samræmi við beint eða óbeint stöðustofnunarfyrikomulag sem komið er á gagnvart stöðustofnunaradilanum.

2. Viðskiptavettvangur skal útvega tæki til að tryggja að áður en tilboð er parað skoði hver stöðustofnunaradili hvert tilboð fyrir sig með tilliti til þeirra marka sem sá stöðustofnunaradili setur og viðheldur fyrir viðskiptavin sinn í samræmi við framselda reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/589 (1).

3. Áður en tilboð er parað skal viðskiptavettvangurinn tryggja að tilboð viðskiptavinarins sé innan þeirra marka sem eiga við um þann viðskiptavin í samræmi við 2. mgr.:

- a) innan 60 sekúndna frá móttöku tilboðsins ef það er fært inn rafrænt,
- b) innan 10 mínútna frá móttöku tilboðsins ef það er ekki fært inn rafrænt.

4. Sé tilboðið ekki innan þeirra marka sem eiga við um viðskiptavininn í samræmi við 2. mgr. skal viðskiptavettvangurinn upplýsa viðskiptavininn og stöðustofnunaradilann um að ekki sé unnt að para tilboðið í samræmi við eftirfarandi tímamörk:

- a) ef tilboðið er fært inn rafrænt, í rauntíma,
- b) ef tilboðið er ekki fært inn rafrænt, innan 5 mínútna frá því að tilboðið var athugað með tilliti til viðeigandi marka.

(1) Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/589 frá 19. júlí 2016 um viðbætur við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2014/65/ESB að því er varðar tæknilega eftirlitsstaðla sem tilgreina skipulagskröfur verðbréfafyrirtækja sem leggja stund á viðskipti með notkun algríms (Stjttíð. ESB L 87, 31.03.2017, bls. 417).

*3. gr.***Tímarammar um sendingu upplýsinga vegna stöðustofnaðra afleiðuviðskipta sem fara fram á viðskiptavettvangi**

1. Viðskiptavettvangurinn, miðlægi mótaðilinn og stöðustofnunaðilinn skulu lúta þeim kröfum sem settar eru fram í 2.–5. mgr. þessarar greinar nema öll skilyrðin sem fram koma í a-, b- og c-lið 1. mgr. 2. gr. séu uppfyllt.
2. Sé um að ræða stöðustofnuð afleiðuviðskipti sem fara fram rafrænt á viðskiptavettvangi skal viðskiptavettvangurinn senda upplýsingarnar er varða hver viðskipti til miðlæga mótaðilans innan 10 sekúndna frá því að þau fara fram.
3. Sé um að ræða stöðustofnuð afleiðuviðskipti sem ekki fara fram rafrænt á viðskiptavettvangi skal viðskiptavettvangurinn senda upplýsingarnar er varða hver viðskipti til miðlæga mótaðilans innan 10 mínútna frá því að þau fara fram.
4. Miðlægur mótaðili skal samþykka eða synja um stöðustofnun stöðustofnaðra afleiðuviðskipta sem fara fram á viðskiptavettvangi innan 10 sekúndna frá því að miðlægi mótaðilinn móttækur upplýsingarnar frá viðskiptavettvangnum og upplýsa stöðustofnunaðilann og viðskiptavettvanginn í rauntíma um það ef þau eru ekki samþykkt.
5. Stöðustofnunaðilinn og viðskiptavettvangurinn skulu upplýsa mótaðilann sem framkvæmdi stöðustofnuðu afleiðuviðskiptin á viðskiptavettvangnum um að þau hafi ekki verið samþykkt um leið og miðlægi mótaðilinn hefur upplýst þá um það.

*4. gr.***Tímarammar um sendingu upplýsinga vegna stöðustofnaðra afleiðuviðskipta sem fara fram á tvíhliða grundvelli**

1. Sé um að ræða stöðustofnuð afleiðuviðskipti sem fara fram milli mótaðila á tvíhliða grundvelli skal stöðustofnunaðilinn:
  - a) fá gögn frá viðskiptavinum sínum um tímaramma framkvæmdar viðskiptanna sem lögð eru fram til stöðustofnunar,
  - b) tryggja að mótaðilarnir sendi miðlæga mótaðilanum upplýsingarnar sem um getur í 2. mgr. 1. gr. innan 30 mínútna frá því að viðskiptin fara fram.
2. Miðlægi mótaðilinn skal senda stöðustofnunaðila sínum upplýsingarnar sem um getur í b-lið 1. mgr. er varða viðskiptin innan 60 sekúndna frá því að hann móttækur þær upplýsingar frá mótaðilanum. Stöðustofnunaðilinn skal samþykka eða synja viðskiptunum innan 60 sekúndna frá því að hann móttækur upplýsingarnar frá miðlæga mótaðilanum.
3. Miðlægi mótaðilinn skal samþykka eða synja um stöðustofnun stöðustofnaðra afleiðuviðskipta sem fara fram á tvíhliða grundvelli innan 10 sekúndna frá móttöku samþykkis eða synjunar stöðustofnunaðilans.
4. Ákvæði 2. og 3. mgr. þessarar greinar gilda hins vegar ekki þegar öll eftirfarandi skilyrði eru uppfyllt:
  - a) reglur miðlæga mótaðilans tryggja að stöðustofnunaðili setji mörk og viðhaldi þeim reglulega fyrir viðskiptavin sinn í samræmi við framselda reglugerð (ESB) 2017/589,
  - b) reglur miðlæga mótaðilans kveða á um að stöðustofnuð afleiðuviðskipti sem eru innan markanna í samræmi við a-lið þessarar málsgreinar séu stöðustofnuð sjálfkrafa af miðlæga mótaðilanum innan 60 sekúndna frá því að hann móttækur upplýsingarnar um stöðustofnuðu afleiðuviðskiptin frá mótaðilanum.
5. Miðlægur mótaðili sem synjar um stöðustofnun stöðustofnaðra afleiðuviðskipta sem fara fram á tvíhliða grundvelli skal upplýsa stöðustofnunaðilann um synjunina í rauntíma. Stöðustofnunaðilinn skal upplýsa mótaðilann sem framkvæmdi viðskiptin um synjunina um leið og miðlægi mótaðilinn upplýsir hann um hana.

*5. gr.***Meðferð stöðustofnaðra afleiðuviðskipta sem er synjað um stöðustofnun**

1. Ef stöðustofnuðum afleiðuviðskiptum sem fara fram rafrænt á viðskiptavettvangi er synjað af miðlægum mótaðila skal viðskiptavettvangurinn ógilda slíkan samning.

2. Ef stöðustofnuðum afleiðuviðskiptum, öðrum en stöðustofnuðum afleiðuviðskiptum sem fara fram rafrænt á viðskiptavettvangi, er synjað af miðlægum mótaðila skal meðferð viðskiptanna lúta:

- a) reglum viðskiptavettvangsins þar sem samningurinn er lagður fram til stöðustofnunar í samræmi við reglur viðskiptavettvangsins,
- b) samkomulaginu milli mótaðilanna við allar aðrar aðstæður.

3. Sé ástæða synjunar tæknilegt vandamál eða vandamál í tengslum við skjalagerð er hægt að leggja stöðustofnuðu afleiðuviðskiptin fram til stöðustofnunar á ný innan einnar klukkustundar frá fyrri framlagningu í formi nýrra viðskipta en með sömu fjárhagslegu skilmálum, að því tilskildu að báðir mótaðilar hafi samþykkt að leggja þau fram aftur. Viðskiptavettvangurinn þar sem stöðustofnuðu afleiðuviðskiptin fóru upprunalega fram skal ekki falla undir kröfurnar í 8. gr. reglugerðar (ESB) nr. 600/2014 í tengslum við framlagningu slíkra nýrra stöðustofnaðra afleiðuviðskipta til stöðustofnunar.

6. gr.

#### **Gildistaka og framkvæmd**

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi kemur til framkvæmda frá og með þeim degi sem um getur í annarri málsgrein 55. gr. reglugerðar (ESB) nr. 600/2014.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 29. júní 2016.

*Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,*

Jean-Claude JUNCKER

*forseti.*

---